

Alþingi
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. maí 2010

1005004SA/GB
Málalykill: 150

Efni: Umsögn um frv. til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga, 574. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. maí, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Stjórn sambandsins samþykkti umsögn þessa á fundi sínum þann 7. maí 2010.

1. Almennt um frumvarpið

Samband íslenskra sveitarfélaga átti fulltrúa í starfshópi sem iðnaðarráðherra skipaði árið 2008 til að meta heildarávinning þess fyrir ríki og sveitarfélög að bjóða fjárfestum ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Starfshópurinn lagði m.a. til að sett yrðu almenn lög um markvissa beitingu ívilnana til að örva fjárfestingu á Íslandi, í stað núverandi kerfis sértækra ívilnana þar sem sett eru sérstök lög um hvert verkefni.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er í öllum meginatriðum í samræmi við þær áherslur sem umræddur starfshópur lagði til. Forsenda þess að veittar verði ívilnanir er að arðsemisútreikningar sýni að verkefni skili samfélagslegum ávinningi og að veiting ívilnana sé forsenda þess að fjárfestingarverkefni verði að veruleika hér á landi, sbr. 5. gr. frv. Jafnframt er m.a. gerð krafa um að starfsemi teljist ekki óæskileg í umhverfislegu tilliti.

Í frumvarpinu er gerður skýr greinarmunur á almennum ívilnunum til fjárfestinga, sbr. IV. kafla frv. og byggðatengdri aðstoð, sbr. III. kafla þess. Sambandið gerir ekki athugasemd við þessa flokkun.

Að áliti sambandsins er setning almennra laga um slíkar ívilnanir framfaraskref og gerir sambandið einungis óverulegar athugasemdir við efni frumvarpsins.

2. Aðkoma sveitarfélaga að byggðaaðstoð, sbr. 9. og 10. gr.

a. Lækkun fasteignaskatts, sbr. 9. gr.

Í 7. tl. 9. gr. er heimilað að sveitarfélag veiti ívilnun vegna fjárfestingaverkefnis með því að lækka fasteignaskatt þannig að skatthlutfall verði 30% lægra en lögbundið hámark að viðbættu álagi, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Slík ívilnun getur gilt í tíu ár frá því að skattskylda myndast.

Í skýringum við umrætt frumvarpsákvæði kemur fram að með vísan til 77. gr. stjórnarskrárinnar verði ívilnunin að vera lögbundin og jafnframt sé ekki unnt að semja um ólík frávík í hverju tilviki fyrir sig. Ljóst er því að frumvarpshöfundar miða við að frávikið sé ávallt 30% og gildistími jafnframt

ávallt tíu ár. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður fyrirvari um að svo afdráttarlausar ályktanir verði dregnar af stjórnarskránni og virðist t.d. fátt mæla gegn því að sveitarstjórn geti samið um styttri gildistíma afsláttar en tíu ár. Sambandið hvetur iðnaðarnefnd því til þess að huga sérstaklega að orðalagi 7. tl. 9. gr. hvað þetta varðar.

b. Land eða lóð undir nýfjárfestingu

Í 10. gr. frv. kemur fram að ívilnun geti verið í formi sölu eða leigu á landi eða lóð í eigu ríkis eða sveitarfélags, á verði sem telst vera undir almennu markaðsverði. Með vísan til 3. mgr. 21. gr. frv. virðist ljóst að ívilnun í formi lægri lóðarleigu megi að hámarki veita í tíu ár.

Þær spurningar sem einkum vakna við lestur ákvæðisins eru þessar:

- Ber að túlka 10. gr. svo að hún nái ekki aðeins til afhendingar lands heldur einnig frágangs lóðar, t.d. með tengingum við veitu- og gatnakerfi?
- Koma ákvæði frumvarpsins í veg fyrir að sveitarstjórn ákveði að veita frekari ívilnanir en þar er kveðið á um, sbr. einkum heimild til sérstakrar ívilnunar til atvinnuuppbyggingar skv. 1. mgr. 6. gr. laga um gatnagerðargjald, nr. 153/2006?

c. Breytingar á skipulagi

Ekkert kemur fram í frumvarpinu um kostnað vegna skipulagsvinnu í tengslum við fjárfestingarverkefni. Verður því að álykta að um þann kostnað fari samkvæmt almennum reglum, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og frumvarp til nýrra skipulagslaga.

Nýlegar ákvarðanir umhverfisráðherra um synjun á staðfestingu aðalskipulagstillagna í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna meints vanhæfis sveitarstjórnarmanna vekja spurningar um það hvort sambærilegar vanhæfisástæður kunni að vera fyrir hendi vegna aðkomu sveitarstjórna að gerð fjárfestingarsamninga. Ljóst má vera að hagsmunir hlutaðeigandi sveitarfélaga af því að þær framkvæmdir sem um ræðir nái fram að ganga. Hitt er þó jafnframt ljóst að skipulagsgerð er lögbundið verkefni sveitarfélaga og krefjast verkefni af þeirri stærðargráðu sem um ræðir iðulega breytinga á gildandi skipulagsáætlunum. Að áliti sambandsins er mikilvægt að Alþingi taki af skarið um það hvort vanhæfisástæður geti komið til vegna verkefna sem falla undir gildissvið frumvarpsins.

3. Lágmarksvelta verkefna, sbr. 5. gr.

Sambandið telur ástæðu til þess að iðnaðarnefnd fjalli sérstaklega um það hvort sú krafa sem gerð er í e-lið 5. gr. um að árleg velta verkefnis þurfi að vera 300 milljónir króna að lágmarki, sé hugsanlega of há.

4. Eftirlit og viðurlög, sbr. 24. og 25. gr.

Sambandið telur mikilvægt að tryggja upplýsingaflæði frá iðnaðarráðuneyti til hlutaðeigandi sveitarfélaga um framgang fjárfestingarverkefna og brot aðila sem njóta ívilnana á þeim skilyrðum sem þeim eru sett. Lagt er til að við 24.

gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á skyldu ráðuneytisins til þess að upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um atvik sem haft geta áhrif á gildi samninga sem þau hafa gert samkvæmt lögnum.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri